



Atvinnu- og Menningarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð

18. fundur Atvinnu- og Menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í félagsheimilinu að Borg þann 7. mars 2024 klukkan 18:45.

Fundinn sátu:

Anna Katarzyna Wozniczka, formaður, fulltrúi sveitarstjórnar

Jakob Guðnason, fulltrúi sveitarstjórnar, í fjarveru Péturs Thomsen

Anna María Daníelsdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar

Fundargerðin var rituð í tölvu og hana ritaði Jakob Guðnason

Dagskrá:

1. 17. júní

- *Hátíðin verður á nýja torginu fyrir utan stjórnarsýsluhúsið, rætt að reyna að hafa alla dagskrá úti ef veður leyfir. Athuga með stóla, borð og bekki hvort að eitthvað sé til.*
- *Hvatarínur (blakhópur Umf Hvöt) munu sjá um að grilla pylsur á 17. júní, jafnvel að hvetja þær að selja vöflur og blöðrudýr og fleira.*
- *þarf að finna skemmtiatriði, rætt um að höfða frekar til yngri kynslóðarinnar.*
 - *Sigga Ósk*
 - *Væb – AMD athugar með þá.*
 - *Athuga Giggó og umboðsskrifstofur.*
 - *Bolli og Bjalla*
 - *Auglýsa eftir skemmtiatriðum.*
- *þarf að skoða með hljóðkerfi úti. Athuga hvort hægt sé að leigja frá Sólheimum, Skátalandi, EB hljóð.*
- *þarf að bóka hoppukastala með mjög góðum tíma og athuga með festingar við jörðu. - AMD bókar hoppukastala.*
- *Fá sömu aðila í fyrri í andlitsmálun og gæslu við hoppukastala.*
- *Fá aðila í ræðumann fyrir hátíðarræðu og fjallkonu. AKW athugar.*
- *þarf að athuga með aðkomu starfsfólk GOGG og vinnuskóla á 17. júní. - AKW talar við sveitarstjóra.*

Í bréfi frá Forsætisráðuneyti vegna 80 ára lýðveldisafmæli er lagt til að hafa afmælisköku á 17. júní. - AKW talar við sveitarstjóra þar sem þetta er ekki í fjárhagsáætlun.

2. Borg í Sveit/Grímsævintýri

AKW ræddi við Rögnu, formann kvenfélagsins um sameiningu Grímsævintýra og Borg í sveit í einn viðburð. Það var samþykkt af kvenfélaginu. Athuga með nýjar dagsetningar, byrjun sumars eða lok sumars. Tekin verður ákvörðun um það fljótlega.



Atvinnu- og Menningarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Skoða hvort að hægt sé að nota markaðinn í frekari markaðssetningu fyrirtækja í sveitarfélaginu. Fá Línu Björg, byggðarþróunarfulltrúa með í verkefnið.

Hugmyndir:

- *Opinn dagur hjá bændum 10-12 sama dag og Grímsævintýri*
- *Fyrirtækjakynningar í hlöðum/ fjósum; bændur að selja afurðir sínar*
- *Bændur gætu sótt um styrk til sveitarfélagsins fyrir að hafa opið þennan dag, ekki búið að ákveða neina upphæð – væri hægt að skilgreina betur.*
- *Tónleikar um kvöldið í hlöðu/fjósi – sveitarfélagið gæti mögulega styrkt þennan viðburð líka til að byrja með (til að koma þessu af stað).*
- *Mögulega gæti Lína Björg sótt um styrki vegna þessa.*

3. Aðrir viðburðir í sveitarfélaginu á árinu

- *Búið að viðra hugmyndir að viðburðum á bókasafninu.*
- *Sundlaugarpartí mál ennþá í mótun.*
- *Setja auglýsingu á GÖGG til að fá fólk til að halda viðburði sjálf. Fjölmenningsarkvöld, senda á Lýðheilsu og æskulýðsnefnd um hvort að þau hafi áhuga á samstarfi með skipulag á því.*

4. Önnur mál

- *Sundlaugarmenning – AKW athugar hjá sveitarstjóra hvort sveitarstjórn ætli að senda inn stuðningsyfirlýsingu vegna umsóknar um skráningu sundlaugarmenningar Íslendinga á skrá UNESCO. Nefndin lýsti yfir stuðningi sínum við það á fundinum þann 1. febrúar sl.*
- *Móttökuáætlun flóttamanna AKW kynnir hvað er að gerast í þeim málum.*
- *Hvatning til sveitarstjórnar að flýta kerfisbreytingu í rafrænum undirskriftum á fundargerðir nefnda sveitarfélagsins og reyna eftir mesta megni að hætta að prenta út á pappír.*
- *Atvinna með stuðningi. Hér má gera betur í störfum sveitarfélagsins og gefa fjötludum einstaklingum tækifæri á því að starfa fyrir sveitarfélagið.*

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið klukkan 20:30.